Morgunblaðið

Fróðleikur og skemmtun fyrir háa sem lága!
Morgunblaðið

FIMMTUDAGUR 28. MAÍ 1987 VERÐ Í LAUSASÖLU 50 KR.



Morgunblaðið/Júlíus

Laust fyrir hálfellefu í gærkveldi, þegar formlegum stjórnarmyndunarviðræðum hafði verið slitið. Frá vinstri: Kristín Halldórsdóttir, þingmaður Kvennalista, Jón Baldvin Hannibalsson, formaður Alþýðuflokks, Kjartan Jóhannsson, þingmaður alþýðuflokks, Friðrik Sophusson, varaformaður Sjálfstæðisflokks, Kristín Einarsdóttir, þingmaður Kvennalista og Þorsteinn Pálsson, formaður Sjálfstæðisflokks.

Þorsteinn Pálsson sleit formlegum viðræðum í gærkveldi:

Ágreiningur um lögbindingu lægstu launa

Ákvörðun um framhaldið tekin á þingflokksfundi Sjálfstæðisflokks í dag

UPP úr formlegum stjórnarmyndunarviðræðum Sjálfstæðisflokks, Alþýðuflokks og Kvennalista slitnaði laust eftir kl. 22 í gærkveldi. Mat Sjálfstæðisflokks og Kvennalista á ástæðum þess að upp úr slitnaði er það að ekki hafi náðst samkomulag um lögbindingu launa, en Alþýðuflokkur telur að ástæðurnar séu víðtækari, þ.e. að ekki hafi náðst samkomulag um fyrstu aðgerðir. Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins kemur saman til fundar síðdegis í dag og þar verður ákvörðun tekin um framhaldið.

Viðræður aðila hófust á nýjan leik kl. 14 í gær, en áður hafði Þorsteinn Pálsson gengið á fund frú Vigdísar Finnbogadóttur, forseta Íslands, og greint henni frá gangi viðræðnanna. Fundir stóðu svo með hléum í gær, þar sem fulltrúar hvers flokks um sig fóru afsíðis og ræddu málin.

Það var svo um miðjan dag í gær sem fulltrúar Alþýðuflokks lögðu fram tillögur um fyrstu aðgerðir og leiddu þær til þess að vart varð bjartsýni meðal fulltrúa undir kvöld í gær. Þorsteinn Pálsson bað þá fulltrúa Kvennalista að gera upp hug sinn til ákveðinna atriða, einkum og sér í lagi til þess hvort þær væru reiðubúnar að falla frá kröfunni um tafarlausa lögbindingu lágmarkslauna og gerði hlé á fundi til kl. 21. Kvennalistakonur komu síðan til fundar í gærkveldi með óbreytta afstöðu og er það varð ljóst, tók Þorsteinn þá ákvörðun að slíta viðræðunum.

Sjá viðtöl við þau Þorstein Pálsson, Jón Baldvin Hannibalsson og Kristínu Halldórsdóttur á bls. 76.

Stykkishólmur:

Mönnum bjargað frá köfnun í vélarrúmi

TVEIMUR rafvirkjum í Stykkis- | an leið ég út af og vissi ekkert af